

Nd.

## 40. Frumvarp til laga

[39. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

### 1. gr.

Á eftir m-lið 10. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

n. Fjárhæð, sem skattþegn hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá skattyfirvöldum borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.

### 2. gr.

Orðin „til gjafa“ í seinustu málsgr. 10. gr. falli brott.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra fyrst koma til framkvæmda um gjafir gefnar á árinu 1956.

### Greinargerð.

Það er alkunna, að fjárskortur stendur þeim félögum og stofnunum, sem í 1. gr. frumvarps þessa greinir, einatt fyrir þrifum. Efna þær því til fjáröflunar af ýmsu lagi, og hefur það oftast mikinn kostnað í för með sér. Auk þess njóta flest þessara félaga og stofnana styrkja frá ríki, bæjar- og sveitarfélögum. Flestir þeir, sem látið geta eitthvað af hendi rakna, leggja þeim lið. Fullvíst er, að margur legði fram stærri skerf, ef hann þyrfti ekki jafnframt að greiða opinber gjöld af þeim tekjum sínum, sem til almannaheilla er varið. Augljóst er einnig, að væri ofangreindum aðilum unnt að fá stærri fúlgur í frjálsum framlögum en verið hefur, mundi fé þeirra nýtast betur, þar eð minna yrði um kostnaðarsamar aðgerðir til fjáröflunar.

Í 10. gr. núgildandi skattalaga er aðráttarlaust fram tekið, að tekjur þær, sem til greina koma við skattákvörðun, séu skattskyldar, þótt þeim sé varið til gjafa. — Frádráttarheimildir svipaðar þeirri, sem hér um ræðir, eru í skattalögum sumra annarra þjóða og hafa verið um langt skeið. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er t. d. svo langt gengið, að heimildin nær til 20% af brúttótekjum, en í frumvarpi þessu er aðeins miðað við nettótekjur. Hér á landi hafa slíkar heimildir til þessa aðeins náð til tiltekinna líknarstofnana um takmarkaðan tíma.

Hér á landi er mikil uppbygging og þjóðlífið í stöðugri framþróun, en óleyst verkefni blasa þó hvarvetna við. Mörgum góðum málum hefði verið lengra þokað, ef fjárþröng hefði ekki til komið. Það hefur oft komið í ljós, að almennur menningar- og mannúðaráhugi Íslendinga er mikill. Það væri því sómi íslenska ríkisvaldsins að styðja þann áhuga og lögvernda með því að skattleggja ekki gjafir fólks til þessara mála. Sennilega mundi þá einnig verða unnt að minnka opinbera styrki til þeirra. Ákvæðið í 1. gr. frumvarps þessa yrði fólki hvöt til að verja einhverju af tekjuafgangi sínum beint til þjóðnýtrar menningar- og mannúðarstarfsemi, sem það sjálft kys að styrkja, og það mundi með því verða virkari þátttakendur í að auka menningu þjóðar sinnar en nú er.